

Kristín Bjarnadóttir:

Allravagn og aðgöngumiðaðokrari: Um samsett orð í orðabók Blöndals

1 Inngangur

Orðin tvö sem hér eru höfð að yfirskrift eru annars vegar dæmi um nýyrði úr Blöndalsorðabók sem ekki hefur náð fótfestu í málinu, þ.e. *allravagn* og hins vegar dæmi um virka samsetningu, þ.e. *aðgöngumiðaðokrari*. Þessi tvö orð eru dæmi um vandamál sem Sigfús Blöndal og samstarfsmenn hans þurftu að glíma við þegar samsettu orðin í Blöndalsorðabók voru valin og enn er verið að glíma við sömu vandamálin á Orðabók Háskólans við valið á orðum í íslensk-skandinavískan orðabókarstofn sem þar er unnið að nú. Vinnuheiti á því verki er „norræna verkefnið“ og þannig verður vísað til þess hér á eftir.

Þeir sem vinna að norræna verkefninu nú verða að teljast sporgöngumenn Sigfúsar Blöndals og samverkamanna hans og þess vegna er sérstaklega áhugavert að bera saman orðaforðann í þessum tveimur verkum. Hér verður sagt frá athugun á stafkaflanum **a** í Blöndalsbók með samanburði við efniviðinn í norræna verkefninu og viðfangsefnið er valið á samsettum orðum í verkunum tveimur.¹

2 Norræna verkefnið og Blöndal

Af samanburði á orðalistum úr Blöndalsbók og norræna verkefninu má draga ýmsar ályktanir um samsettu orðin þar sem fjöldi þeirra er slíkur að munurinn á uppflettiorðunum eða flettunum er að verulegu leyti fölginn í þeim.

Samanburðartölurnar úr orðalistum í verkunum tveimur eru í töflu 1. Þar sést að munurinn á uppflettimyndum í stafköflunum **a** í báðum verkum er talsverður. Af yfir

¹Ég vil þakka Baldri Jónssyni prófessor aðgang að tölvutækum orðalista úr Blöndalsbók sem notaður var í samanburðinum sem hér er lýst.

7.800 uppflettimyndum eru aðeins rúmlega 2.200 á báðum stöðum, yfir 3.400 uppflettimyndir sem eru í norræna verkefninu er ekki að finna í Blöndalsbók og Blöndalsbók hefur að geyma 2.184 uppflettimyndir sem ekki koma fram í norræna verkefninu:

Uppflettimyndir sem eru bæði í Blöndalsbók og norræna verkefninu:	2.202
Uppflettimyndir í norræna verkefninu sem ekki eru í Blöndalsbók:	3.453
Uppflettimyndir í Blöndalsbók sem ekki eru í norræna verkefninu:	2.184
Uppflettimyndir í báðum verkum samtals:	7.839

Tafla 1: Uppflettimyndir í Blöndalsbók og norræna verkefninu

Munurinn á uppflettiorðum í verkunum tveimur er þó engan veginn eins mikill og þessar tölur gefa til kynna þar sem listarnir voru bornir saman í tölvu án þess að tekið væri tillit til afbrigða í stafsetningu eða orðmyndun. Uppflettimyndirnar *Akrnesingur* í Blöndal og *Akurnesingur* í norræna verkefninu birtast því sem mismunandi uppflettiorð og sömu sögu er að segja um *alfræðisorðabók* í Blöndal og *alfræðiorðabók* í norræna verkefninu og *aprílshlaup* í Blöndal og *aprílhlaup* í norræna verkefninu. Stundum er um að ræða raunverulegar breytingar á samsetningarmyndum, eins og í orðunum *alfræðisorðabók/alfræðiorðabók*, *guðfræðisdeild/guðfræðideild* og *heimspekisdeild/heimspekideild*, en svo er ekki alltaf, eins og sjá má af stafsetningarafbrigðunum *Akrnesingur* og *Akurnesingur*.

Sum afbrigði virðast jafnmikið á reiki nú og fyrir sjötíu árum, t.d. hvort samsetningarmynd er í eignarfalli eintölu eða fleirtölu, og stofnbrigði flækja málið enn frekar. Sem dæmi um þetta má nefna að hugsanleg afbrigði af orðinu *aðgerðarlaus* eru átta:

	-gerðar-	-gerða-	-gjörðar-	-gjörða-
að-	aðgerðarlaus	aðgerðalaus	aðgjörðarlaus	aðgjörðalaus
at-	atgerðarlaus	atgerðalaus	atgjörðarlaus	atgjörðalaus

Tafla 2: Dæmi um afbrigði í orðmyndun

Aðeins tvö af þessum afbrigðum koma fyrir í Blöndalsbók, *aðgerðalaus* og *atgerðalaus*. Annað þeirra er í norræna verkefninu, *aðgerðalaus*, en önnur tvö finnast í Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans (Rskr.), *aðgjörðalaus* og *aðgjörðarlaus*.²

Mismunurinn á orðaforðanum í norræna verkefninu og í Blöndalsbók virðist á talsverðu leyti vera fólgin í atriðum af þessu tagi enda er það stundum hending hvaða orðmynd er sett upp sem uppflettimynd.

²Ritmálsskrá OH er tölvutækur listi um öll uppflettiorð í stærsta seðlasafni Orðabókarinnar, ritmálssafni. Þar finnast þrjú afbrigði af sambærilegu afleiddu nafnorði, *aðgerðaleysi*, *aðgerðarleysi* og *atgjörðaleysi*.

2.1 Samanburður við aðrar heimildir

Þegar Blöndalsbók er borin saman við Ritmálsskrá kemur í ljós að rúmlega 950 uppflettimyndir í **a**-inu í Blöndal eru ekki í Ritmálsskránni. Þar má þó finna vel á fjórða hundrað aðrar uppflettimyndir sem kalla mætti afbrigði af sömu lesum eða afleiðslu af þeim, þ.e. þau eru orðmyndunarlega nægilega lík til að draga megi ályktanir af þeim um stöku myndirnar í Blöndal. Þar eru t.d. sagnleidd nafnorð á öðrum staðnum en nafnháttur sagnar á hinum eða lýsingarháttur á öðrum staðnum en nafnháttur á hinum o.s.frv. Útkoman er samt sem áður sú að uppflettiorð úr Blöndal sem upplýsingar fundust ekki um í Ritmálsskrá voru mun fleiri en ætlað var að óreyndu eða yfir fimm hundruð í stafkaflanum **a** einum.

Til frekari glöggvunar á flettiorðafjöldanum voru orðalistar úr nokkrum öðrum heimildum einnig bornir saman við Blöndalsbók, þ.e. orðalisti yfir uppflettiorð í talmálssafni Orðabókarinnar (Talmálsskrá, (Tskr.)) og uppflettiorðalisti af seðlum Jakobs Benediktssonar úr orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (hér eftir JÓIGrv.). Til gamans var orðalisti úr þýðingu Grunnavíkur-Jóns á *Nikulási Klím* líka hafður með. Tölurnar úr þessum samanburði eru í töflu. Fremst í hverri línu í töflunni er fjöldi þeirra flettna sem finnst í öllum heimildum sem nefndar eru í línunni. Örvarnar benda á tölur um flettur sem aðeins koma fyrir í einni heimild. Eins og sjá má í neðstu línu í töflu 3 er flettufjöldinn í **a**-inu í heimildunum mjög mismikill.

⇒	795		Norræna v.				
	6		Norræna v.		JÓIGrv.		
	1		Norræna v.		JÓIGrv.	Klím	
	2.422		Norræna v.	Rskr.			
	53		Norræna v.	Rskr.	JÓIGrv.		
	12		Norræna v.	Rskr.	JÓIGrv.	Klím	
	8		Norræna v.	Rskr.		Klím	
	109		Norræna v.	Rskr.	Tskr.		
	15		Norræna v.	Rskr.	Tskr.	JÓIGrv.	
	2		Norræna v.	Rskr.	Tskr.	JÓIGrv.	Klím
	26		Norræna v.		Tskr.		
	2		Norræna v.		Tskr.	JÓIGrv.	
⇒	753	Blöndal					
	118	Blöndal	Norræna v.				
	10	Blöndal	Norræna v.		JÓIGrv.		
	1	Blöndal	Norræna v.		JÓIGrv.	Klím	
	1.083	Blöndal	Norræna v.	Rskr.			
	431	Blöndal	Norræna v.	Rskr.	JÓIGrv.		
	119	Blöndal	Norræna v.	Rskr.	JÓIGrv.	Klím	
	20	Blöndal	Norræna v.	Rskr.		Klím	
	163	Blöndal	Norræna v.	Rskr.	Tskr.		
	172	Blöndal	Norræna v.	Rskr.	Tskr.	JÓIGrv.	
	78	Blöndal	Norræna v.	Rskr.	Tskr.	JÓIGrv.	Klím
	4	Blöndal	Norræna v.	Rskr.	Tskr.		Klím

	9	Blöndal	Norræna v.	Tskr.		
	3	Blöndal	Norræna v.	Tskr.	JÓI Grv.	
	1	Blöndal	Norræna v.	Tskr.	JÓI Grv.	Klím
	28	Blöndal			JÓI Grv.	
	2	Blöndal			JÓI Grv.	Klím
	3	Blöndal				Klím
	1.138	Blöndal		Rskr.		
	140	Blöndal		Rskr.	JÓI Grv.	
	11	Blöndal		Rskr.	JÓI Grv.	Klím
	9	Blöndal		Rskr.		Klím
	55	Blöndal		Rskr.	Tskr.	
	21	Blöndal		Rskr.	Tskr.	JÓI Grv.
	2	Blöndal		Rskr.	Tskr.	JÓI Grv.
	23	Blöndal			Tskr.	
	2	Blöndal			Tskr.	JÓI Grv.
⇒	315				JÓI Grv.	
	1				JÓI Grv.	Klím
⇒	44					Klím
⇒	19.491			Rskr.		
	208			Rskr.	JÓI Grv.	
	8			Rskr.	JÓI Grv.	Klím
	39			Rskr.		Klím
	208			Rskr.	Tskr.	
	12			Rskr.	Tskr.	JÓI Grv.
⇒	537				Tskr.	
	7				Tskr.	JÓI Grv.
	1				Tskr.	Klím
	28.721	4.399	5.663	26.033	1.452	1.663
					366	

Tafla 3: Samanburður á flettufjölda í stafkaflanum a í 6 heimildum

Í töflum 4, 5 og 6 á næstu síðu eru hlutfallstölur sem reiknaðar eru úr töflu 3. Í töflu 4 sést hlutfall flettufjöldans í hverri heimild af samanlögðum flettufjölda í a-inu í öllum heimildunum. Rúmlega 15% af heildarflettufjöldanum er að finna í Blöndalsbók. Í öllum heimildunum er að finna einhverjar flettimyndir sem ekki er að finna í neinni hinna, eins og örvarnar fremst í línunum í töflu 3 benda á. Alls eru það rúmlega 17% af uppflettimyndunum í Blöndalsbók sem ekki er að finna í hinum heimildunum, eins og sýnt er í töflu 5. Eins og sjá má í töflu 6 eru það alls rúmlega 2,6% af flettum (eða orðum) í öllum heimildunum sem aðeins koma fyrir í Blöndalsbók.

Blöndal:	15,32%	af öllum flettum í öllum heimildunum
Norræna verkefnið:	19,72%	af öllum flettum í öllum heimildunum
Ritmálsskrá OH:	90,64%	af öllum flettum í öllum heimildunum
Talmálsskrá OH:	5,06%	af öllum flettum í öllum heimildunum
Orðabók Grunnavíkur-Jóns:	5,79%	af öllum flettum í öllum heimildunum
Orðalisti úr Klím:	1,27%	af öllum flettum í öllum heimildunum

Tafla 4: Flettuhlutfall í hverri heimild m.v. heildarflettufjöldann

Blöndal:	17,12%	af flettunum í Blöndal
Norræna verkefnið:	14,04%	af flettunum í norræna verkefninu.
Ritmálsskrá OH:	74,87%	af flettunum í Rskr.
Talmálsskrá OH:	36,98%	af flettunum í Tskr.
Orðabók Grunnavíkur-Jóns:	18,94%	af flettunum í JÓIGrv.
Orðalisti úr Klím:	12,02%	af samsettum orðum í Klím

Tafla 5: Flettimyndir sem ekki finnast í hinum heimildunum 5

Mismunurinn sem kemur fram í tölunum í töflunum á þessari síðu skýrist að nokkru leyti af sjálfu sér þegar haft er í huga hve ólíkar heimildirnar eru, bæði að aldri og umfangi. Fyrir fram hefði e.t.v. mátt ætla að líkindin með Blöndalsbók og norræna verkefninu ættu að vera mest vegna þess að þar eru um tvö íslensk-skandinavísk orðabókarverk að ræða. Þar er munurinn þó verulegur.

Ég ætla nú að reyna að benda á nokkur atriði sem geta útskýrt þennan mikla mun á orðaforðanum í Blöndalsbók og í norræna verkefninu, og þá er ég loks komin að orðunum tveimur sem ég minntist á í byrjun, *allravagn* og *aðgöngumiðakrari*. Hvorugt þessara orða er að finna í norræna verkefninu en bæði eru þau flettur í Blöndalsorðabók.

Blöndal:	2,62%	af orðum í öllum heimildunum
Norræna verkefnið:	2,77%	af orðum í öllum heimildunum
Ritmálsskrá OH:	67,86%	af orðum í öllum heimildunum
Talmálsskrá OH:	1,87%	af orðum í öllum heimildunum
Orðabók Grunnavíkur-Jóns:	1,10%	af orðum í öllum heimildunum
Orðalisti úr Klím:	0,15%	af orðum í öllum heimildunum

Tafla 6: Hlutfall flettimynda sem ekki finnast í hinum heimildunum 5

3 Allravagn og aðgöngumiðaðokrari

3.1 Nýyrði

Víkjum þá fyrst að *allravagninum* en hann þekkti ég ekki og þurfti að lesa þýðinguna til að vera viss um hvaða fyrirbæri þetta væri, þ.e. *Omnibus* eða *strætisvagn*.

Orðið *allravagn* er dæmigert leskert orð, þ.e. orð sem ekki hefur merkingu sem er summan af pörtunum.³ Orðið er merkt sem nýyrði í Blöndal:

allra ...
...^o-vagn [...] m. Omnibus.

Í Ritmálsskrá OH er aðeins eitt dæmi um orðið *allravagn* úr 42. árgangi Þjóðólfs (1889). Þegar orð sem enda á *-vagn* eru skoðuð í Ritmálsskrá kemur í ljós að fleiri orð hafa verið á kreiki um þetta fyrirbæri á svipuðum tíma án þess að þau rötudu í Blöndalsbók, t.d. *almannavagn*, *bæjarvagn*, *almenningsvagn* og *götuvagn*, öll frá síðari hluta nítjándu aldar eða byrjun þeirrar tuttugustu.⁴ Ekkert þessara orða er að finna í Blöndalsorðabók.

Orðið, sem nú hefur orðið ofan á, þ.e. *strætisvagn*, er líka að finna í Blöndalsbók en hefur þar merkinguna *sporvagn*. Það orð er líka í Blöndal og þýtt með danska orðinu *Sporvogn*. ‘Sporvagns’-merkinguna á orðinu *strætisvagn* er ekki að finna í Ritmálsskránni, eftir því sem ég best fæ séð, og það er ljóst að á Íslandi hafa strætisvagnar ekki gengið á spori. Elsta dæmið í Ritmálsskrá er úr *Skírni* 1917 og hljómar svo:

strætisvagn m.
vér bregðum oss með *strætisvagninum* út í eitthvert úthverfið.
Skírni. 1917, 42

Sem dæmi um önnur nýyrði úr Blöndalsbók, sem ekki er að finna í norræna verk-efninu, má nefna orðin *aðalferhljómur* ‘Dominant-septimakkord’ og *aðalfimmhljómur* ‘Dominant-noneakkord’ sem ekki hafa náð fótfestu í tónlistarmáli. Um hvort þessara orða eru tvö dæmi í Ritmálssafni, öll úr *Stuttri kenslubók í hljómfraði* eftir Sigfús Einarsson, útg. 1910.⁵ Orðið *aðalhýbláþvottur* er nýyrði Blöndals um það sem við köllum núna *aðalhreingerningu* og *agahús* er *tugthús*. Öll eru þessi orð lesgerð og teljast til nýyrða, meira að segja *aðalhýbláþvotturinn* sem ekki er virk samsetning ef marka má skilgreiningar á *aðalhreingerningu* í kjarasamningum.⁶

³Orðin *lesgerving*, *að lesgera* og *lesgerður* eru notuð hér í stað orðanna *lexíkalísering*, *lexíkalísera* og *lexíkalíseraður*.

⁴Aðeins eitt þessara orða virðist hafa náð fótfestu í málinu, þ.e. *almenningsvagn*. Elsta dæmi um orðið í Rskr. er úr *Bjarka* 1900. Um orðið *almannavagn* eru tvö dæmi í Rskr., það eldra úr *Íðunni* 1889. Hin orðin tvö eru stakdæmi í Rskr., *bæjarvagn* úr *Safni til sögu Reykjavíkur* (1862) og *götuvagn* úr *Skírni* 1912.

⁵Þessi orð er ekki að finna í *Tónlistarorðabók* eftir Terry G. Lacy sem út kom í fyrra; þar er hins vegar orðið *forsjöundarhljómur* sem þýðir ‘dominant seventh’.

⁶Orðið *aðalhýbláþvottur* er ekki í Ritmálsskrá OH en um orðið *aðalhreingerning* er stakdæmi frá síðari hluta 20. aldar (Sigtryggur Björnsson 1980:23). Orðið *agahús* er einnig stakdæmi í Ritmálsskrá úr: Jón Espólín, *Íslands Arbækur í sögu-formi I-XII. 1821–1855*.

Nýyrði Blöndals eru því aðeins hluti orðaforðans í norræna verkefninu að þau hafi haldið velli, t.d. *aðferðarfræði* og *aðskotahlutur*.⁷ Munurinn á orðaforðanum í þessum tveimur verkum skýrist því að einhverju leyti af því að orðabækur af takmarkaðri stærð sem binda á við eitt málstig hljóta að eldast tiltölulega hratt að þessu leyti og þar sem áherslan er á nútímamálið í norræna verkefninu er eðlilegt að munurinn á verkunum tveimur sé allnokkur. Hins vegar eiga öll nýyrði Blöndals að sjálfsgöðu heima í Ritmálsskrá Orðabókarinnar. Ein af skýringunum á mismuninum í orðaforðanum er því fólgin í nýyrðum sem ekki hafa haldið velli.

3.2 Virk orðmyndun

Endanleg sönnun þess að nýyrði hafi náð góðri fótfestu í málinu hlýtur að felast í því að orðið sé greiðlega notað í margsamsettum orðum. Orðið *allravagn* kemur t.d. ekki fyrir í samsetningum í Ritmálsskránni en það gerir orðið *strætisvagn* hins vegar, þ.á m. í orðinu *strætisvagnafargjald*. Um það finnst seðill sem hljómar svo:

strætisvagnafargjald n.

hefur xx hækkað xx **strætisvagnafargjöld** á sunnudögum

Þjv. 19/2 '55,3

Og þá erum við komin að *aðgöngumiðaðakraranum*.

Fyrir mér er orðið *aðgöngumiðaðakrari* alveg gagnsætt orð, orðmyndunin algjörlega virk og regluleg og orðið þarfnast enngar skýringar. Það mætti jafnvel nota það um þá sem hækka verðið á strætómiðum þegar „vér bregðum oss ... út í eitthvert úthverfið“. Orðhlutarnir í *aðgöngumiðaðakrari* eru líka báðir skýrðir í Blöndalsbók; er þá nokkur ástæða til að hafa samsetta orðið líka sem flettu í bókinni?

Svo er nú samt í Blöndalsorðabók en uppflettiorðið þar lítur svona út:

° **aðgöngu|miða-okrari** [...] m. Billetsjover, Billetsælger. **-miði** [...] m. (*að fundi, opinberri stofnun osfrv.*) Adgangskort (til et Møde, en off. Institution el. desl.): (*að leikhúsi, samsöng osfrv.*) Billet (Teater-, Koncert-osv.).

Sigfús Blöndal og samverkamenn hans hafa þá stefnu að gefa talsverðan fjölda virkra samsetninga sem uppflettiorð, jafnvel þótt orðhluti sé skýrður sérstaklega. Gott dæmi um þetta er að finna undir flettmyndinni *aðal-* sem hér fer á eftir:

2. **aðal-** [a:ðal] som første Del af et sammensat Ord svarer oftest til HOVED- i Dansk, *höfuð-* i ældre Islandsk. — I det følgende opregnes der kun en Del af de utallige Sammensætninger, som kan dannes hermed.

⁷Í norræna verkefninu er reyndar orðmyndin *aðferðarfræði* en um hana eru 15 dæmi í Ritmálssafni, það elsta úr *Andvara* 1970. Um orðmyndina *aðferðarfræði* eru tvö dæmi í Ritmálssafni, elst úr *Sveitastjórnarmálum* 1981. Elsta dæmið um orðið *aðskotahlutur* í Ritmálssafni er úr *Lagasafni handa alþýðu* 6, sérmerkt 1908.

Alls eru gefin 230 uppflettiorð með *aðal-* að fyrri lið í orðabók Blöndals og flest þeirra eru þýdd með orðum sem byrja á *Hoved-* eða þeim fylgja skýringar sem benda til virkrar orðmyndunar. (Þessar skýringar hefjast gjarnan á orðunum „*den vigtigste ...*“.) Aðeins 34 af uppflettiorðunum sem byrja á *aðal-* falla ekki í þennan flokk, t.d. orð eins og *aðalbláber*; *aðalfundur*; *aðalfjehirðir* og *aðalhending*, og þarfnast merkingarlýsingar eða þýðingar sem sýnir að orðmyndunin er ekki merkingarlega virk (þ.e. fyrirsegjanleg). Þessi orð eru sýnd í töflu 7.

aðal-bein	1 merking af 2	aðal-henda	
aðal-bláber		aðal-hending	
aðal-bláberjalyng		aðal-hendingasneitt	
aðal-blik	skáldamál	aðal-hendur	
aðal-blómi	skáldamál	aðal-kort	
aðal-ból	1 merking af 3	aðal-mál	1 merking af 4*
aðal-burðareyrir		aðal-mildi	úrelt
aðal-dómur	1 merking af 2	aðal-mynd	1 merking af 2
aðal-endir	í tónlist	aðal-póstmeistari	2 merkingar (báðar)
aðal-ferhljómur	í tónlist	aðal-rif	
aðal-fimmmhljómur	í tónlist	aðal-rit	1 merking af 2
aðal-fjehirðir	1 orð af 2	aðal-rjett	vísað í rjett
aðal-fjehirsla	1 merking af 2	aðal-segulafli	vísað í almagn
aðal-fulltrúi	1 merking af 2	aðal-skrá	
aðal-fundur	1 merking af 2	aðal-trje	
aðal-góður	úr JÓIGrv.	aðal-tröll	1 merking af 2
aðal-haf	1 merking af 2	aðal-umsjónarmaður	ath. þýð.

Tafla 7: Lesgerðar samsetningar með *aðal-*

Sum þessara orða eru tvíræð og í töflunni kemur fram í hve mörgum merkingum orðin eru lesgerð. Þá er merking sumra orðanna bundin sérstökum sviðum, eins og sjá má í töflunni („skáldamál“, „í tónlist“ o.s.frv.).

Af fjölda virkra samsetninga með fyrrihlutanum *aðal-* er ljóst að það hefur **ekki** verið markmið að sneiða hjá virkum samsetningum í Blöndalsbók og orðið *aðgöngu-miðaðaokrari* er hugsanlega dæmi um virka orðmyndun eins og þá sem kemur fram í 196 orðum sem byrja á *aðal-*.

Markmiðið með því að hafa virkar samsetningar með í orðabók hlýtur að vera það að sýna tilvist orðsins eða tímasetja það, fremur en að skýra það, þar sem orðhlutarnir eða grunnorðin eru líka uppflettiorð. Dæmi um orð af þessu tagi í Blöndalsbók eru *andviðrisblábarningur* og *annesjaflijóð*:

and|verður ...

...-viðri [...] n. (stadig) Modvind, — gen. *andviðris*, som adv. imod Vinden (mods. *forviðris*). -viðrisblábarningur [...] m. besværlig Roning mod Vinden, saaledes at man knapt kommer af Stedet.

blá|bakki ...

...-**barningur** [...] m. stræng Roning el. Krydsning imod Vinden (jfr. *barningur*).

barningur (-s, -ar) [...] m. **1.** (*róður gegn vindi*) anstrængende Roen mod Vinden; *lemja barninginn*, ro mod Vinden; *meðan Tobías lamdi andviðris-blá-barninginn svo honum lá við spreng* (Eimr. III. 108).

annesjafljóð [...] n. Kvinde fra afsides Næs (JÁÞj. II. 440).

Þarna er m.a.s. gengið nokkuð langt í að sýna virka samsetningu eins og sjá má af því að dæmið um *andviðrisblábarning* er undir *barningur*, en hvorki undir *blábarningur* né *andviðrisblábarningur*. Bæði orðin eru klárlega dæmi um virkar samsetningar og heimildir eru gefnar.

En er alveg víst að orðið *aðgöngumiðakrari* sé dæmi um virka orðmyndun? Getur ástæðan fyrir því að orðið er haft með verið einhver önnur en það sem hér hefur verið talið? Mér kemur þrennt í hug sem vert er að skoða:

- Getur verið að þetta hafi verið einhver ákveðin ein gerð af *aðgöngumiðakrara*, þ.e. að lagður hafi verið annar skilningur í orðið fyrir sjötíu árum en við gerum nú? M.ö.o. er orðið merkingarlega leslegt? Víst er að athuga þarf öll slík orð vandlega, sérstaklega þegar verið er að fást við annað en samtíma orðabókarmannsins.
- Annað atriði, sem gæti orðið til þess að merkingarlega reglulega myndað samsett orð ætti erindi í orðabók (ef það er tekið gilt að algjörlega fyrirsegjanleg orð eigi þangað ekki erindi), er að formið sjálft sé ekki fyrirsegjanlegt, þ.e. að um orðhlutafraðilega lesgeringu sé að ræða. Um það er ekki að ræða í þessu orði og þetta fyrirbæri ætla ég ekki að ræða nánar hér.
- Í þriðja lagi getur verið að orðið sé uppflettiorð vegna þeirrar tilhneigingar sem stundum gætir í tvímálaorðabókum að verið sé að koma þýðingarorðinu að. Er það erlenda orðið sem kallar á íslenska uppflettiorðið?

Vandamálið við virkar samsetningar í orðabókum, sem eru þar í þeim tilgangi einum að sýna þýðingarorðið, er að fólki dettur yfirleitt ekki í hug að leita þeirra, einfaldlega vegna þess að flettiorðin eru tilbúin til að koma þýðingarorðinu að. Í tvímálaorðabókum getur hins vegar verið full ástæða til að hafa virkar samsetningar með þegar þörf er á þýðingarinnar vegna, **ef** orðabókarmaðurinn metur það svo að notandi bókarinnar sé líklegur til að fletta orðinu upp! Við mat á þessu skiptir þess vegna máli hverjum bókin er ætluð.

Mér er það mjög til efs að nokkur maður finni orðin *aðgöngumiðakrari*, *aðstoðarandi* ‘hjælpande Aand’, *almúgaskraddari* ‘Bondeskrædder’, *Alpaklifrari* eða *Alpaklifr-andi* ‘Alpebestiger’ og *aukasjóliðsforingi* ‘Viceadmiral’, nema sá sem les orðabækur spjaldanna á milli sér til ánægju, nú og svo þeir sem reyna að keyra saman flettulista í tölvu og rekast þannig á orðin vegna þess að þau er hvergi annars staðar að finna.

4 Lokaorð

Mismunurinn á uppfléttimyndum í Blöndalsorðabók og í norræna verkefninu er ekki aðeins fólgin í breytingum á rithætti, breytingum í orðmyndun og breytingum á orðaforðanum, eins og eðlilegt er á svona löngum tíma, heldur einnig í því að Blöndalsbók er unnin á allt öðrum forsendum en norræna verkefnið og það svið sem henni er ætlað á ná yfir er miklu víðara. Hún hefur líka þau einkenni sögulegrar orðabókar að í henni eru raunveruleg textadæmi þar sem heimildar er getið og mikið af virkum samsetningum. Orðaforðiinn í Blöndalsbók er því að sumu leyti meira í ætt við ritmálssafn OH en þá útkomu sem höfð var í huga í norræna verkefninu. Í orðalistanum úr norræna verkefninu, sem notaður var í samanburðinn sem hér er sagt frá, er hins vegar ekki um að ræða endanlega valin orð í orðabókarstofninn. Í þessum vinnulista er líka fjöldinn allur af virkum samsetningum og talsvert af mismuninum á orðaforða í orðalistanum tveimur stafar einfaldlega af því að það er tilviljunum háð hvaða virkar samsetningar rekur á fjörur orðabókarmanna.

Niðurstaðan af vélrænum samanburði er hins vegar sú að eina leiðin til að bera saman orðaforðann í raun og veru — á meðan vélarnar geta ekki myndangreint orðin fyrir okkur — sé mikil þolinmæðisvinna þar sem hvert einasta orð er skoðað!